



Nafn og myndbirting kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn börnum

Hvaða verndartilgangi þjónar stimplun kynferðisbrotamanna?

Nína M. Þórisdóttir

Lokaverkefni til BA – gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nafn og myndbirting kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn börnum

Hvaða verndartilgangi þjónar stimplun kynferðisbrotamanna?

Nína M. Þórisdóttir

Lokaverkefni til BA – gráðu í félagsfræði
Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg

Félags – og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa

© Nína M. Þórisdóttir

Reykjavík, Ísland 2016

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um nafn og myndbirtingar kynferðisbrotamanna með áherslu á þá sem brjóta gegn börnum út frá stimplunarkenningunni. Afleiðingar stimplunar afbrotamanna og samfélagslega stöðu þeirra fyrir og eftir brotin verða ræddar. Fjallað er almennt um kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum og hvað einkennir þá. Fjallað er barnahneigð og sjúkdómsvæðingu frávika og hvernig Ísland hefur brugðist við kynferðisbrotum gegn börnum. Rætt er um hvernig réttakerfið hefur brugðist við slíkum brotum ásamt því hvernig samfélagsumræðan um þau hafa þróast. Fjallað er um vefsíðuna og facebook hópinn *stöndum saman* sem nafn og myndbirtir einstaklinga sem hafa brotið kynferðislega gegn börnum. Úrlausnir kynferðisbrotamanna eru ræddar. Að lokum er reynt að taka saman hvaða áhrif stimplun hefur á kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum og umræða um að nafn og myndbirting þjóni í raun frekar hefndartilgangi ofar verndartilgangi og leiði hugsanlega frekar til fleiri brota heldur en að fækka þeim.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í félagsfræði við Háskóla Íslands. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Jón Gunnari Bernburg fyrir góðar ábendingar og handleiðslu við gerð þessarar ritgerðar. Ég vil sérstaklega þakka Leó Sveinsson, manninum mínum fyrir þann stuðning, styrk og hvatningu sem hann hefur veitt mér bæði í gegnum námið og við gerð ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Formáli.....	5
1. Inngangur	7
2. Kenningar	8
2. 1 Hvað er frávik?.....	8
2. 2 Stimplunarkenningin	10
2. 3 Gagnrýni á stimplunarkenninguna	15
2. 4 Rannsóknir á stimplunarkenningunni.....	16
3. Kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum	18
3. 1 Barnagirnd (<i>e. pedophilia</i>)	19
3. 2 Sjúkdómsvæðing	20
3. 3 Nafn og myndbirting kynferðisafbrotamanna	21
3. 4 Hvernig hefur Ísland brugðist við?	22
3. 5 Málsferð kynferðisbrota	23
3. 6 Stöndum saman.....	24
3. 7 Rannsóknir á upplifun kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn börnum.....	25
3. 8 Áhrif stimplunar á kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum.....	26
3. 9 Þjónar nafnbirting kynferðisbrotamanna verndartilgangi barna?	27
3. 10 Úrlausnir fyrir kynferðisbrotamenn	28
4. Umræða/Samantekt	31
Heimildaskrá	35

1. Inngangur

Háværar kröfur samfélagsins á réttarkerfið um þyngri refsingar fyrir kynferðisbrotamenn eru og hafa verið áberandi í samfélagsumræðunni undanfarin ár. Þá sérstaklega hafa kröfurnar um aukna refsingu verið áberandi fyrir einstaklinga sem brjóta gegn börnum. Kröfur um opinberar nafn og myndbirtingar hafa einnig verið fyrirferðamiklar og var þeim kröfum svarað árið 2013 af nokkrum einstaklingum með stofnun vefsíðunnar *www.stondumsaman.is*. Vefsíðan er notuð í þeim tilgangi að nafn og myndbirta þá einstaklinga sem hafa hlotið dóm fyrir kynferðisleg brot gegn börnum. Einnig er birt á hvaða svæði brotamaðurinn er með skráð lögheimili sitt. Vefsíðan er í anda *Megan's law* sem eru við lýði í Bandaríkjunum. Samkvæmt þeim lögum eru einstaklingar sem eru dæmdir fyrir kynferðisbrot skráðir á opinberan lista sem auðvelt er að nálgast (Corrigan, 2006).

En hvert er markmið þessara lista? Hugmyndin er að koma í veg fyrir að dæmdir kynferðisbrotamenn geti nálgast nýja þolendur. En þjóna þessir listar í raun þeim verndartilgangi sem þeim er ætlað? Þeirri spurningu verður reynt að svara í þessari ritgerð. Hvaða áhrif hefur opinber nafnbirting? Getur hún ollið eða jafnvel aukið stimulun afbrotamannsins? Hefur hún áhrif á möguleika hans í framtíðinni? Verður einstaklingurinn í kjölfarið ólíklegri eða líklegri til að brjóta af sér? eru til staðar aðrar leiðir og jafnvel betri leiðir til að takast á við og reyna draga úr kynferðisbrotum gegn börnum.

Hér á eftir verður fjallað um nafn og myndbirtingar kynferðisbrotamanna út frá stimulunarkenningunni (*e. labeling theory*). Reynt verður að varpa ljósi á afleiðingar stimulunar með því að beita stimulunarkenningunni á umfjöllun um afbrotamenn og samfélagslega stöðu þeirra fyrir og eftir brotin. Gagnrýni á stimulunarkenninguna verður einnig rædd en mikilvægt er að vera vakandi fyrir annmörkum kenninga. Fjallað verður um tvær rannsóknir sem hafa rannsakað áhrif stimulunar á afbrotamenn. Fyrri rannsóknin var gerð af Jón Gunnari Bernburg (2005) á árunum 2002 til 2004 þar sem hann tók viðtöl við 25 einstaklinga og skoðaði áhrif stimulunar á afbrotamenn. Seinni rannsóknin er eftir Jón Gunnar Bernburg, Krohn og Rivera (2006) en þeir gerðu langtímarannsókn sem leitaðist við að skoða stimulunarkenninguna og áhrif stimulunar. Í framhaldi verður athyglinni beint að

kynferðisbrotamönnum sem brjóta gegn börnum og fjallað verður um hvað einkennir þá. Greint verður frá barnahneigð og sjúkdómsvæðingu frávíka í ljósi þess hvort sjúkdómsvæðing kynferðisbrota gegn börnum sé til staðar og hvort hún eigi rétt á sér. Fjallað verður um hvernig Ísland hefur brugðist við kynferðisbrotum gegn börnum. Bæði verður rætt um hvernig almenningur og samfélagsumræða um brotin hafa þróast en einnig hvernig réttarkerfið bregst við slíkum brotum. Fjallað verður um *stöndum saman* síðuna sem eins og fyrr segir nafn og myndbirtir einstaklinga sem hafa brotið kynferðislega gegn börnum. Vefsíðan er skoðuð og borin saman við *Megans lögin* í Bandaríkjunum ásamt því að skoða viðhorf almennings sem þar tekur þátt í opnu kommentakerfi um kynferðisbrotamennina. Einnig verður fjallað um rannsókn sem Vala Hrönn Ísabel Pétursdóttir gerði árið 2015 og fjallaði um í mastersritgerð sinni. Rannsóknin fjallar um upplifun kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn börnum. Einungis voru tekin viðtöl við brotamenn sem voru að afplána dóm sinn. Rætt verður um þær úrlausnir sem eru í boði fyrir kynferðisbrotamenn sem vinna að því að fækka frekari afbrotum. Að lokum verður reynt að taka saman hver áhrif stimplunar er á kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum og hvort nafn og myndbirtingin þjóni þeim verndartilgangi sem henni er ætlað.

2. Kenningar

2.1 Hvað er frávik?

Frávik er skilgreint sem hegðun einstaklings eða hóps sem fylgir ekki viðurkenndum viðmiðum og fær neikvæð viðbrögð samfélagsins. Viðmið eru skráðar og óskráðar reglur sem segja til um hvernig við eigum að hegða okkur við mismunandi aðstæður. Frávik geta verið margvísleg, til dæmis afbrot, fíkniefnaneysla, geðræn vandamál eða ofdrykkja. Í öllum samfélögum gilda reglur og viðmið. Almenningur fer eftir þessum settu viðmiðum að mestu leyti. Ef aðstæður hins vegar leyfa brjóta margir af sér án þess að það hafi í raun neinar afleiðingar í för með sér. Hvenær verður einstaklingur sem brýtur af sér að frávik í samfélaginu? Það er að segja, hvenær verður brotið

nægilega mikið, alvarlegt eða sjáanlegt til þess að fólk í kringum einstaklinginn stimpli hann sem frávik (Goode, 2011, bls 1-22).

Conrad og Schneider (1985) töluðu um að það væru tvær leiðir í félagsfræði til að nálgast hugtakið frávik. Í fyrsta lagi er það pósitífisk nálgun eða hefðbundin vísindahyggja. Pósitífismi er vísindaheimspeki og leitar í líffræði, sálfræði og félagsfræði. Þeir telja fráviknið til raunhyggju og nauðhyggju. Fráviknið er raunverulegt og ápreifanlegt. Í öðrum orðum að það séu einhver öfl innra með einstaklingnum eða utan sem stjórna hegðun hans. Pósitífismi á rætur að rekja í náttúruvísindi. Kenningarnar leggja áherslu á að fráviknið sé raunverulegt, mælanlegt og sýnilegt öllum. Að það sem teljist til fráviks sé ekki það sem er álitnið venjulegt í samfélaginu. Pósitífismi notar meginlegar rannsóknaraðferðir. Með meginlegum aðferðum er átt við til dæmis kannanir, opinber gögn og tölfræðilegar staðreyndir. Fráviknið er álitnið hlutlægt og vilja fræðimenn rannsaka það sem slíkt.

Seinni leiðin er mótunarhyggja (*e. social constructionism*) en hún skilgreinir frávikshegðun á þann hátt að ekki sé hægt að skilgreina frávik á endanlegan hátt. Hér áhersla á notkun eigindlega rannsóknaraðferða. Kenningarnar eru huglægari og nálgast fráviknið með hughyggju, viljahyggju og félagsháttarfræði. Frávik eru afstæð eftir þjóðfélögum og er túlkun og merking þeirra lærd en ekki meðfædd. Litið er á ólíkan hátt á frávik í mismunandi þjóðfélögum. Í einu samfélagi getur ákveðin hegðun verið frávik en í öðru landi talin vera mjög eðlileg hegðun. Frávik geta verið breytileg vegna þeirra svörunar sem þau fá og eru ákvörðuð af samfélaginu hverju sinni. Ekki er litið á frávik sem raunverulegt frávik, heldur stimpil sem einstaklingar fá á sig í kjölfar vissrar hegðunar. Lögð er áhersla á að skoða frávikin út frá þeim sem skilgreina þau en ekki út frá frávikinu sjálfu. Mótunarkenningar einblína á sköpun félagslegra flokka. Hvers vegna ákveðnar reglur eru til og hvernig þær virka og hvaða afleiðingar þær kunna að hafa (Conrad og Schneider, 1985: Goode, 2011, bls 1-22; 47-70).

2. 2 Stimplunarkenningin

Stimplunarkenningar tilheyra samskiptakenningum um frávík og afbrot og eru þar af leiðandi hluti af mótunarhyggjunni. Samskiptakenningar leggja áherslu á að skoða einstaklinginn með míkro sjónarhorni. Þær fjalla um afleiðingar félagslegra viðbragða sem frávíkshæðun fær. Sjálfið, hæðun og samskiptamynstur er skoðað hjá einstaklingnum frekar en að einblína á stóru myndina. Af hverju fara samskipti fram eins og þau gera? Erum við að læra eitthvað hvert af öðru? Hvað er fólk að segja hvort við annað? Samskiptakenningar fjalla um táknræn samskipti og líta á frávík sem ferli. Þeir sem aðhyllast að samskiptakenningunni halda því fram að siðferði samfélagsins sé félagsleg bygging. Að siðferði í samfélaginu verði til vegna þess að fólk gerir kröfur í gegnum gildi og sýn á heiminum. Þeir sem hafa völdin í samfélaginu hverju sinni hafi hins vegar meira um það að segja hvaða reglur og viðurlög eru við lýði. Frávík verða því til vegna þeirra skilgreininga sem valdameiri hópar setja á einhverja ákveðna hæðun. Stimplunarsjónarhornið leggur áherslu á að fjalla um frávík út frá viðbrögðum annarra en ekki einblína á athöfnina sjálfa (Goode, 2011, bls 53-57).

Stimplunarkenningin fjallar um afleiðingar þeirra félagslegu viðbragða sem frávíkshæðun fær. Grunnurinn að kenningunni um stimplun kemur frá Edwin Lemert en hann skrifaði um stimplun árið 1951. Hann talar um að upptökin hefjist þegar hópur einstaklinga myndi sér hugmynd um að einhver ákveðinn hópur eða tiltekin hæðun sé öðruvísi eða óásættanleg. Í sumum tilfellum leiðir það til félagslegrar refsingar eða höfnunar. Edwin Lemert hélt því fram að hægt væri að skipta frávíkum í tvo flokka, fyrsta stigs og annars stigs frávík. Fyrsta stigs frávík eru frávík sem vekja lítil eða engin viðbrögð annarra, til dæmis minniháttar umferðabrot eða skróp í tíma. Einstaklingurinn helst á þessu fyrsta stigi svo framarlega sem hæðunin er réttlætunleg og fær litla athygli annarra. Ef hins vegar samfélagið bregst við brotinu með því að stimpla einstaklinginn sem frávík og einstaklingurinn heldur áfram frávíkshæðun sinni þá færir hann yfir á annað stig. Annars stigs frávík er því sú hæðun sem á sér stað vegna þess að einstaklingurinn hefur verið stimplaður. Ef hæðunin er áberandi, endurtekin og fær mikla neikvæða athygli frá samfélaginu aukast líkurnar á því að sjálfsmynd einstaklingsins breytist (Lemert, 1951; Lemert, 1994).

Tvö hugtök eru afar mikilvæg þegar skilgreina á stimplunarkenninguna. Í fyrsta lagi er það brennimerking (*e.stigma*) og hins vegar spegilsjálfíð (*e. looking glass self*). Brennimerking kemur upphaflega frá Erving Goffman en með henni á hann við að samfélagið og menningin hafi fest neikvæða staðalmynd við frávíksstimplun. Hinn stimplaði fær á sig smánarblett og er brennimerktur af samfélaginu. Neikvæði stimpillinn breytir hugmyndum einstaklingsins um sjálfan sig og félagslegri sjálfsmynd hans. (Jón Gunnar Bernburg, 2009: Goffman, 1959: Schur, 1971).

Staðalmyndir frávika eða afbrotamanna koma til dæmis frá fjölmiðlum, bókum, kvikmyndum og í almennum samræðum. Börn læra frá blautu barnsbeini hvernig *vondu* mennirnir líta út, þá sérstaklega í gegnum sjónvarp. Þannig fá einstaklingar mjög fljótt neikvæða mynd af afbrotamönnum. Vegna þessa útbreidda staðalmynda í samfélaginu getur frávíksstimplun orðið að brennimerki sem heldur við og ýtir undir áframhaldandi frávíkshegðun. Einstaklingar sem hafa verið brennimerktir eru líklegir til þess vera fordæmdir og tengdir við afbrota staðalmyndir og óeftirsóknarverð einkenni. Ásamt samfélaginu skilgreinir einstaklingurinn sig sem frávík sem leiðir til þess að hann mætir neikvæðri mynd af sjálfur sér frá öðrum og sjálfsmynd einstaklingsins umbreytist. (Goffman, 1959: Jón Gunnar Bernburg, 2009: Goode, 2011).

Fólk getur þó sýnt frávíkshegðun án þess að það hafi áhrif á ímynd einstaklingsins. En um leið og formleg inngríp hafa farið fram, eins og til dæmis að greining hefur verið gerð eða dómur fallinn getur það haft áhrif á menntun, félagsleg tengsl og atvinnumöguleika einstaklingsins sem er stimplaður. Sú staðreynd getur síðan aukið líkurnar á því að hinn stimplaði brjóti af sér aftur (Jón Gunnar Bernburg, 2004). Það er því ljóst að samkvæmt stimplunarkenningum þá eru getur lögreglan, dómsvaldið eða aðrar opinberar stofnanir haft mikið að segja um hvort einstaklingur fái á sig neikvæðan stimpil. Staðreyndin að einstaklingur hefur hlotið dóm eða til dæmis verið formlega greindur með geðsjúkdóm dregur athygli að því að sá einstaklingur á erfitt með að fylgja normum samfélagsins (Jón Gunnar Bernburg, 2009).

Howard Becker er einn af kennismiðum stimplunarkenninga. Hann talaði um að undirstaða stimplunarkenningunnar sé sú að hún horfir fyrst á fremst á viðbrögð

annarra við þeim sem brýtur af sér. Það er að segja að viðbrögðin með frávíksstimpluninni og gagnvart henni sem og brennimerkingu leiðir til þess að hegðunin geti orðið stöðugt hegðunarmynstur (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Howard Becker skrifaði bókina *Outsiders* (1963). Hann talaði um að þegar samfélagið setur fram reglur sem eiga að gilda í samfélaginu þá verða ómeðvitað til frávík líka. Það er að segja þá verður ákveðin hegðun ólögleg og getur því sú hegðun að brjóta lögin orðið að frávíki. Einstaklingar sem passa ekki inni ramma samfélagsins geta því lent í því að verða stimplaðir fyrir hegðun sem samfélagið hefur ákvarðað að sé óæskileg. Sjónarhornið horfir ekki beint á hegðunina sjálfa heldur einblínir á þau viðbrögð sem verða við hegðuninni.

Becker leggur mikla áherslu á það sem hann kallar ráðandi stöðu (*e. master status*) þegar hann fjallar um stimplunarkenninguna. Frávíksstaða einstaklingsins verður ofar öðrum stöðum hans, það er að segja þá mætir einstaklingurinn staðalmyndum samfélagsins og sú staðalmynd verður ráðandi staða í hans lífi. Samkvæmt Becker áætla fólk að einstaklingurinn sé ófær eða vilji ekki hegðar sér á siðferðislegan máta og sé því líklegur til að brjóta mikilvægar reglur samfélagsins. Dæmdur ofbeldismaður gæti til dæmis verið talinn hættulegur og óútreiknanlegur og fólk í kringum hann umgengst hann af hræðslu og varkárni. Ofbeldismaðurinn gæti farið að upplifa sig sem hættulegan og gæti því jafnvel gerst líklegur til að halda áfram sinni frávíkshegðun. Stimplun sem *ofbeldismaður* verður ráðandi staða í lífi einstaklingsins og verður hann þekktur sem slíkur í samfélaginu. Til samanburðar gæti ráðandi staða einstaklings sem ekki hefur neikvæðan stimpil samfélagsins á sér verið til dæmis kennari, móðir eða handboltamaður. Flest af því sem hinn stimplaði gerir er metið í ljósi frávíksins, þrátt fyrir að vera lítill partur af lífi einstaklingsins. Einstaklingurinn verður þekktastur fyrir frávíksstöðu sína. Vegna ríkjandi staðalmynda um frávík verða samskipti hins stimplaða og annarra vandræðarleg og meðvituð. Aðrir einstaklingar samfélagsins gætu jafnvel sýnt hræðslu og vantraust í garð stimplaða einstaklingsins (Goffman, 1959: Jón Gunnar Bernburg, 2009).

Þetta er byggt á hugtakinu spegilsjálfíð sem er nefnt hér að ofan og kemur það frá Charles Horton Coole. Hann taldi að það sé álit fólks á einstaklingum sem endurspeglar síðan það sem honum finnst um sjálfan sig. Að sjálfíð sé afsprengi samskipta okkar við aðra og mótast af upplifun okkar á því hvernig aðrir sjá og dæma

okkur. Þeir aðilar sem við lítum upp til og þeir sem skipta okkur mestu máli hafa hvað mestu áhrifin. Það er því hægt að segja að einstaklingurinn fari ósjálfrátt að hegða sér í samræmi við þær væntingar sem fólk hefur til hans (Coole, 1902). Jón Gunnar Bernburg (2009) fjallar um sjálfsmynd einstaklings (*e.self-concept*) sem segir að sjálfsmynd einstaklings er mótað af samskiptum við aðra. Í gegnum samskipti við aðra læra einstaklingar að skilgreina (*e. define*) sjálfan sig. Þar sem viðhorf almennings gagnvart þeim sem eru stimplaðir sem frávík eru oft mótuð af neikvæðum staðalmyndum getur það leitt til þess að stimplaðir einstaklingar upplifi staðalmyndaðar væntingar í sinn garð. Þannig getur sjálfsmynd einstaklingsins breyst og hann fer sjálfur að líta á sig sem frávík. Væntingar samfélagsins um fyrirfram gefnar hugmyndir um hegðun hins stimplaða getur gert það að verkum að stimplaður einstaklingur hefur skert tækifæri til að taka þátt í daglegu lífi. Það er því líklegt að einstaklingur brjóti af sér einungis til að standa undir þeim væntingum sem eru gerðar til hans. Staðalmynd af einstaklingnum er sett upp og samfélagið hefur ákveðnar væntingar til hegðunar hins stimplaða og býst við frávíkshægðun. Þessi viðbrögð samfélagsins geta skert tækifæri stimplaða einstaklingsins til að taka þátt í daglegu lífi. Neikvæð opinber flokkun getur því verið valdur þess að einstaklingar sem eru stimplaðir haldi áfram sinni afbrotahægðun (Jón Gunnar Bernburg, 2009: Tittle, 1980).

Eins og fyrr segir getur stimplunin haft áhrif á sjálfsmynd einstaklingsins sem og væntingar annarra til hans. Jón Gunnar Bernburg (2009) talar um þrjú ferli sem eiga sér stað við stimplun. Í fyrsta lagi er það myndun frávíkssjálfsmyndar (*e. the development of deviant self-concept*), þróun höfnunar og hörfun (*e. the processes of rejection and withdrawal*) og að verða hluti af öðrum frávíkshópum (*e. involvement in deviant groups*). Þannig eftir að sjálfsmynd stimplaða einstaklingsins hefur breyst og hann farinn að líta á sig sem frávík gerist hann líklegur til að draga sig úr samfélaginu. Brennimerking, neikvæð reynsla og höfnun sem fylgir stimpluninni getur leitt til þess að einstaklingurinn dragi sig úr aðstæðum og samskiptum við *venjulegt* fólk. Það getur síðan leitt til þriðja stigsins sem felst í því að einstaklingurinn fer frekar að leita í samskipti við annað fólk sem er líka stimplað og verður hluti af frávíkshóp (Jón Gunnar Bernburg, 2009).

Þeir sem aðhyllast stimplunarkenningunni halda því fram að stimplun leiði af sér stöðugt hegðunarmynstur frávika. Að neikvæðar staðalmyndir sem breiðast út í samfélagið ýti undir að einstaklingur haldi áfram að stunda frávíkshegðun vegna þess að honum finnst hann vera brennimerktur. Aðstæður sem einstaklingur trúir að séu raunverulegar hafa raunverulegar afleiðingar fyrir hann. Stimplunin dregur einstaklinginn niður og sjálfsmynd hans getur breyst. Þetta getur leitt til þess að einstaklingur sem er stimplaður verði að síbrotamanni. Einstaklingurinn festist því í raun og veru í vítahring með hjálp samfélagsins sem stimplaði hann (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Þó ber að hafa í huga að það er ekkert til sem heitir óumbreytanlegt frávik. Frávik fara ávallt eftir tíma og rúmi. Það er að segja hvernig samfélagið horfir á einstaklinginn og hans hegðun hverju sinni. Frávik geta verið breytileg eftir samfélögum og tíma (Schur, 1971). Það sem telst eðlileg hegðun á Íslandi gæti verið mjög óæskileg hegðun í öðru landi. Einfalt dæmi gæti verið að á Íslandi er ætlast til að þú mætir í svörtu í jarðaför en á Indlandi væriru að brjóta á viðmiðum því þar tíðkast að mæta í hvítu í jarðafarir (Goode, 2011: Giddens og Sutton, 2009).

Einnig má hafa í huga að notkun stimplunarkenningarinnar útskýrir ekki hvers vegna einstaklingur brjóta af sér í fyrsta lagi. Kenning Lemerts um fyrsta og annars stigs frávik útskýrir ekki hvernig stimplun á sér stað. Kenningin leggur augun frekar að þeim afleiðingum sem afbrot hafa á líf og framtíðarmöguleika þeirra sem hafa verið stimplaðir. Hugmyndin er sú að formleg viðhorf samfélagsins geti átt þátt í mótun glæpaferils einstaklingsins og það ferli sem á sér stað við stimplun er því rauði þráður kenningarinnar (Jón Gunnar Bernburg, Krohn og Rivera, 2006).

Í stuttu máli má segja að samkvæmt stimplunarkenningunni fær einstaklingur á sig neikvæða stimplun og í kjölfarið getur sjálfsmynd einstaklingsins versnað, einstaklingurinn einangrast og tækifæri hans í samfélaginu skerðast. Þar af leiðandi gerist hann líklegur til að stunda frávíkshegðunina aftur sem er sú hegðun sem kennismiðir stimplunarkenningarinnar hafa áhuga á að skoða.

2. 3 Gagnrýni á stimplunarkenninguna

Gagnrýnendur benda á að stimplunarkenningin hafi afstætt sjónarhorn gagnvart frávikum og segir okkur að sum hegðun sé stimpluð sem frávikshegðun en önnur ekki og viðbrögð fólks í umhverfinu stýri þessu. Þeir benda á að sum frávík séu fordæmd alls staðar í heiminum, til dæmis morð, nauðgun og rán. Þetta er hins vegar ekki rétt, morð eru til dæmis réttlætt og jafnvel verðlaunuð á tímum stríða. Í sumum samfélögum er ekki refsivert ef eiginmaður nauðgar konunni sinni. Önnur gagnrýni á kenninguna bendir á að stimplunarkenningin sýni því lítinn áhuga af hverju hinn stimplaði braut af sér til að byrja með, sem leiddi síðan til annars stigs fráviks. Félagsmótun, félagssamskipti og tækifæri eru allt ástæður sem gætu haft áhrif á að einstaklingur brjóti af sér. Fólk með skert tækifæri, til dæmis frá fátækrarhverfum er líklegra til að stela en fólk sem hefur efnahagslegt öryggi. Það er ekki stimplunin sem gerir þau að þjófum heldur bakgrunnur þeirra (Giddens og Sutton, 2009).

Gagnrýnendur hafa einnig bent á að ekki er víst að stimplunin sjálf sem slík valdi frekari frávikshegðun. Afbrotahegðun á það til að leiða af sér meiri afbrotahegðun en er það virkilega útaf stimplunni sjálfri? Ástæður eins og samskipti við aðra sem sýna afbrotahegðun eða tækifæri afbrotamanna til að læra um fleiri afbrotatækifæri gæti líka haft áhrif. Þrátt fyrir vankanta stimplunarkenningarinnar þá er mikilvægt að hafa í huga að stimplun einstaklings getur breytt lífi fólks. Góð hugmynd væri að fræða yngri kynslóðina betur um hættur stimplunar og mynda forvarnir gegn henni sem gæti þá hugsanlega fækkað alvarlegum frávikum. Það er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að stimplunarkenningin horfir á hegðunina sem kemur í kjölfar stimplunar en leggur ekki áherslu á að skoða af hverju einstaklingurinn framkvæmdi hegðunina í fyrsta lagi (Giddens og Sutton, 2009). Með tilkomu internetsins er hægt að velta fyrir sér hvort stimplun og brennimerking einstaklinga sé orðin greiðari og jafnvel algengari. Dreifing efnis og upplýsingum um óæskilega hegðun á netsíður, dreifimiðla og samfélagsmiðla er auðveld. Þegar upplýsingar á netsíðum eru aðgengilegar öllum og dreifing upplýsinga á internetinu fer oft mjög hratt á milli er líklegra að einstaklingur sé stimplaður fyrir frávikshegðun sem fangar athygli á internetinu heldur en hegðun sem gerir það ekki.

2. 4 Rannsóknir á stimplunarkenningunni

Rannsóknir sem hafa verið gerðar á áhrifum stimplunar leiða í ljós að stimplun geti haft áhrif á áframhaldandi frávikshegðun einstaklinga. Jón Gunnar Bernburg (2009) setti saman yfirlit yfir langtímarannsóknir sem hafa verið gerðar á stimplun og frávikshegðun. Rannsóknirnar styðja við hugmyndir stimplunarkenningarinnar. Hins vegar verður að hafa í huga að rannsóknirnar eru ekki mjög margar og þurfa að vera endurteknar og betrubættar í framtíðinni til að hægt sé að taka meira mark á þeim. Jákvæð þróun hefur þó átt sér stað í afbrotafræðilegum rannsóknum og hafa rannsóknir á stimplun haft ávinning á þeirri þróun (Jón Gunnar Bernburg, 2009).

Jón Gunnar Bernburg gerði rannsókn á áhrifum stimplunar á afbrotamenn. Hann tók viðtöl við 25 einstaklinga á árunum 2002 til 2004. Meirihluti var í vistun þegar viðtölin fóru fram og allir viðmælendur voru karlkyns. Þátttakendur voru beðnir um að lýsa reynslu sinni af löggæslukerfinu, viðbrögðum jafninga, kennara og fjölskyldu og annarra í nærsamfélaginu með meintri frávikshegðun þeirra. Þeir voru til dæmis spurðir hvort þeir hefðu leynt fráviksstimplun sinni og hvort samskipti við fjölskyldu, vini eða jafnaldra hefði breyst eftir handtöku eða dóm (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Við greiningu viðtalsgagna komu tveir meginflokkar fram. Annars vegar voru það viðbrögð samfélagsins sem skapa oft félagslega fjarlægð milli hins stimplaða og annarra í nærsamfélaginu. Orðrómur og mýtur um frávikshegðunina myndast. Sem dæmi þegar foreldrar banna börnum sínum að umgangast afbrotaunglinginn í hverfinu eða kennarinn sem dæmdur er fyrir ofbeldisglæp fær ekki aftur vinnu við að kenna þrátt fyrir að hafa setið af sér sinn dóm. Einnig kom í ljós að einstaklingar með fráviksstimpil finna oft fyrir þvinguðu viðmóti frá öðrum, sem gæti sýnt sig í ótta og vantrausti gagnvart hinum stimplaða. Þvingað viðmót skapar félagslega fjarlægð milli hins stimplaða og annarra (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Hins vegar voru það viðbrögð sjálfsins. Þar talar Jón Gunnar um að væntingar hins stimplaða við viðbrögðum annarra og þær hugmyndir sem hinn stimplaði gerir sér um staðalmyndir hafi áhrif á sjálfsmynd hans, samskipti við aðra og þátttöku í samfélaginu. Hann fjallar um þrjú þemu í þessu samhengi, meðvitað brennimerki, aðstæðubundið brennimerki og að draga sig úr samfélaginu. Meðvitað brennimerki lýsir sér í því að hinn stimplaði veit að fólk hefur neikvæðar hugmyndir um hann.

Viðmælendur töluðu um að hugmyndir fólks á afbrotamönnum væru að þeim sé ekki treystandi, séu hættulegir og spilli öðrum. Aðstæðubundin brennimerking lýsir sér þannig að í samskiptum vita viðstaddir af stimplunni eða komast allt í einu að henni. Hinn stimplaði verður því meðvitaður um brennimerki sitt og sjálfsmýnd hans verður viðkvæm sem getur lýst sér í óöryggi, skömm, reiði og niðurlægingu. Aðstæðubundin brennimerking setur einstaklinginn í óþægilega stöðu. Dæmi um þetta er samræður á almannaþæri. Ímyndum okkur dæmdan kynferðisafbrotamann sem braut gegn barni. Hann er í sundi og lendir á tali við gamla kunningja úr fangelsi og þeir fara ræða saman um afbrot kynferðisbrotamannsins. Þetta gæti skapað mikinn hrylling almennings og jafnvel ofsahræðslu meðal foreldra í lauginni. Að draga sig úr samfélaginu er annað dæmi um viðbrögð sjálfsins. Vegna brennimerkingar samfélagsins og neikvæðrar reynslu sem henni fylgir eiga stimplaðir einstaklingar það til að draga sig úr aðstæðum og samskiptum við *venjulegt* fólk. Það leitar frekar í samskipti við fólk sem er líka stimplað, mögulega því þar er það ekki dæmt og þarf ekki að eiga þvingaðar samræður. Það á það til að forðast til dæmis að kynnast nýju fólki, fara á nýja staði þar sem aðstæður eru óljósar eða sækja um vinnur. Niðurstöður rannsókninnar stemma við það sem stimplunarkenningin hefur fram á að færa. Hún hefur hugmyndir um það hvernig stimplun og brennimerking lýsa sér og hvernig ferlið mótar líf stimplaðra einstaklinga og jafnvel áframhaldandi frávíkshæðun (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Jón Gunnar Bernburg, Krohn og Rivera (2006) gerðu langtímarannsókn sem leitaðist við að skoða stimplunarkenninguna og áhrif stimplunar. En fyrri kenningar og rannsóknir tala um að frávíkstimplun hafi ekki bein áhrif á frávíkshæðun heldur býr stimplunin til aðstæður sem leiða síðan af sér afbrot eða frávíkshæðun. Það geri það síðan að verkum að líkurnar aukast á því að afbrotamaður brjóti af sér eða haldi áfram frávíkshæðun sinni þegar hann hefur verið stimplaður. Gögn frá Rochester Youth Development Study (RYDS) voru notuð og inniheldur upplýsingar um þúsund nemendur úr sjöunda og áttunda bekk í almenningskólum í Rochester í New York á árunum 1987 til 1988. Markmið rannsóknarinnar var að skoða frávíkshæðun unglunga og afleiðingar af opinberri stimplun með tilliti til tengsla við aðra afbrotamenn eða frávika og áframhaldandi frávíkshæðun. Viðtöl voru tekin á sex mánaða fresti við hvern ungling með forráðamanni hans. Einnig var gögnum safnað

frá skólum, lögreglu, réttarkerfinu og félagsmálastofnunum. Í ljós kom að opinber stimplun á stóran þátt í að viðhalda frávíkshögðun einstaklinga og þar af leiðandi einnig afbrotum. Niðurstöðurnar voru í samræmi við þá hugmynd og fyrri kenningar að opinber stimplun ýtir undir áframhaldandi frávíkshögðun og aukna þátttöku með öðrum stimpluðum einstaklingum. Rannsóknin sýndi fram á að unglingar sem hljóta einhverskonar dóm eða inngríp eru líklegri en aðrir unglingar til að verða hluti af glæpagengi (*e.gang*). Þeir bentu líka að að frávíkshópar veita stimpluðum einstaklingum ákveðið skjól frá brennimerkingu. Einnig veita þeir ákveðna réttlætning, auka hópþrýsting og opna tækifæri fyrir stimplaðan einstakling til að stunda áframhaldandi frávíkshögðun (Jón Gunnar Bernburg, Krohn og Rivera, 2006).

3. Kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum

Erfitt er að flokka alla einstaklinga saman sem brjóta kynferðislega gegn börnum. Ástæðan er sú að um er að ræða ólíkan hóp hvað varðar menntun, uppeldi, andfélagsleg viðhorf, vímuefnaneyslu og aðra þætti sem venjulega eru notaðir þegar afbrotahögðun er skilgreind. Í staðinn er lögð áhersla á að skoða aldur gerenda og val þeirra á brotaþola og tengslum við þolanda. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum á sviðinu er afgerandi stór hluti fullorðinna eða um 80% þeirra sem brjóta kynferðislega á börnum karlar á miðjum aldri eða með meðalaldur um fertugt (Grubin, 1999: Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason, 2011). Á síðustu árum hafa áhyggjur af kynferðisbrotum vaxið og kastljósinu verið beint að þolendum, erfiðri stöðu þeirra og vægum refsingum. Það er sjaldgjæft að gerendur fái samúð og er þeim oftast lýst sem skrímslum og fordæming á athæfi þeirra gríðarleg. Kynferðisbrotamönnum sem brjóta gegn börnum er lýst með þessum hætti og má segja að þeir séu brennimerktir sem *barnaníðingar* og valda miklum ótta í samfélaginu (Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason, 2011)

Kröfur um þyngrri refsingar og ákall til stjórnvalda um að vernda borgara sína fyrir hættu af þessu tagi hafa verið miklar. Refsingar hafa víða þyngst, meðal annars hér á landi og sums staðar hefur verið gripið til nafn og myndbirtinga þekktra kynferðisbrotamanna, til dæmis í Bretlandi og Bandaríkjunum (Thomas, 2000). Einnig hefur vefsíðan *www.stondumsaman.is* verið stofnuð hér á landi sem nafn- og

myndbirta dæmda kynferðisbrotamenn sem hafa brotið gegn börnum. Nánar verður fjallað um það síðar. Í samfélagsumræðunni er oft dregin upp sú mynd að brotin séu framin af ókunnugum manni. Í huga almennings kemur oft mynd af skrímslinu sem situr um ókunn börn eða konur á almannafæri og bíði eftir tækifæri til að ráðast á þolanda (Jewkes, 2004; Helgi Gunnlaugsson, 2011). Þetta er ógn sem veldur gríðarlegri hræðslu í samfélaginu. Svona mál koma auðvitað upp og eru virkilega hræðileg. Einnig fá slík mál mikla fjölmiðlaumfjöllun og hafa eflaust djúp áhrif á flesta sem af þeim heyra. Rannsóknir sýna hins vegar að stærstur hluti kynferðisbrota gegn konum er framinn af körlum sem þær þekkja (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Talið er að gerandi tengist brotþola fjölskyldu eða vinaböndum eða á einhvern annan hátt í 80% tilfella kynferðisbrota sem eru framin gegn börnum (McAlinden, 2007). Í íslenskri brotþolsrannsókn sem Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir (2005) framkvæmdu kemur fram að í meirihluta mála þar sem kynferðisbrot eru framin þekkir þolandi gerandann á einn eða annan hátt. Eftir því sem brotin voru alvarlegri var þolandi líklegri til að þekkja gerandann betur (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

3. 1 Barnagirnd (*e. pedophilia*)

Barnagirnd er skilgreind sem andleg röskun á kynhneigð fullorðinnar manneskju. Einstaklingurinn hefur endurtekna kynþörf eða kynóra gagnvart börnum sem ekki hafa náð kynþroskaaldri. Með öðrum orðum er um að ræða stöðugan kynferðislegan áhuga á börnum sem ekki hafa náð kynþroska. Þessi áhugi getur komið fram í hugsunum, ímyndunum, löngunum, kynferðislegri örvun eða athöfn (American Association, 2000).

Samkvæmt Scott (1984) og Schiffer (2008) má rekja undirrot barnagirndar bæði til líffræðilegra og umhverfisþátta. Marktækar rannsóknar gefa til kynna afbrigðileika í heila hjá einstaklingum með barnagirnd sem veldur ákveðinni truflun hjá einstaklingnum. Einnig þættir eins og léleg sjálfsstjórn, öfgafullar hvatir og raskanir eru taldir áhættuþættir barnagirndar. Margir sérfræðingar telja að *sjúkdómurinn* barnagirnd þróist frá atburðum úr æsku, þá oftast áfallamiklum atburði. Þessi afbrigðileiki er talinn myndast eftir ákveðna reynslu einstaklinga eins

og til dæmis að vera þolandi kynferðisofbeldi sem barn. Þessi afbrigðileiki í heilanum getur orsakað árattu, lélega dómgreind og endurteknar hugsanir (Scott, 1984; Schiffer, 2008). Margar rannsóknir hafa leitt í ljós að algengt er að þeir sem verða uppvísir að kynferðisbrotum gegn börnum hafi sjálfir verið misnotaðir í æsku. Í einni rannsókn kom fram að yfir 90% þeirra sem höfðu verið teknir fyrir kynferðisbrot gegn barni sögðust einnig hafa sjálfir mátt þola kynferðislega misnotkun af einhverju tagi í æsku (Briggs og Hawkins, 1996).

Tilhneiging er að stimpla þá einstaklinga sem brjóta kynferðislega á börnum með barnagirnd. Staðreyndin er þó sú að ekki eru allir gerendur kynferðisbrota gegn börnum haldnir barnagirnd. Bandaríska geðlæknafélagið (*e. American Psychiatric Association*) birtir ákveðin skilyrði sem þurfa að liggja fyrir til að viðkomandi geti greinst með barnagirnd. Skilyrðin eru sú að einstaklingurinn þarf að hafa örvandi kynóra eða langanir til barna sem ekki hafa náð kynþroska og einkennin þurfa að hafa staðið í að minnsta kosti sex mánuði eða lengur. Einstaklingurinn þarf á þessu tímabili að hafa sýnt af sér kynferðislega hegðun gagnvart barni eða líða mjög fyrir þessar hvatir. Einstaklingurinn þarf að hafa náð 16 ára aldri og kynórarnir þurfa að beinast að börnum sem eru að minnsta kosti fimm árum yngri en hann sjálfur (American Psychiatric Association, 2000). Talið er að um 25-40% þeirra sem brjóta gegn börnum uppfylli viðmiðin um barnagirnd (Grubin, 1999; Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason).

3. 2 Sjúkdómsvæðing

Bæði pósitífismi og mótunarkenningar velta fyrir sér hvernig hægt sé að skilgreina og meðhöndla frávik sem afbrot eða sjúkdóm. Afleiðingarnar geta verið ólíkar þar sem þær fara eftir því hvort atferlið sé skilgreint sem afbrot eða sjúkdómur. Mikilvægt er að átta sig á þeim breytingum sem orðið hafa á skilgreiningu um hvað sé frávik og hvað sé það ekki. Breytt samfélagsgerð nútímasamfélagsins og upphaf sérfræðinga samfélagsins á Vesturlöndum hafa breytt hugmyndum almennings um hvað sé frávik og hvað sé sjúkdómur. Þessi þróun hefur átt sér stað á síðustu áratugum samhliða miklum framförum í læknávisindum (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Það er líklegt að sjúkdómsvæðing frávikshegðunar haldi áfram. Þróunin hefur verið á þann veg að

sjúkdómsvæðing nýtur velvildar í þjóðfélaginu. Sú staðreynd eykur líkurnar á því að fleiri frávik verði frekar skilgreind sem sjúkdómur en ekki frávik (Helgi Gunnlaugsson, 2008).

Það eru hins vegar ýmis frávik sem almenningur er ekki tilbúinn að líta á sem sjúkdóm. Þar eru kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum mjög ofarlega í almennri umræðu. Margir halda því fram að einstaklingar sem brjóta kynferðislega gegn börnum séu ekki haldnir neinum sjúkdómi og séu í raun *bara* skrímsli í mannlíkama (Stöndum saman, 2016). Þar er hægt að tala um sjúkdómsvæðingu frávika í þessu samhengi. Það fer eftir tíma og samfélagi hvað er sjúkdómur hverju sinni. Ein túlkun eða merking verður ofan á og fær síðan félagslega viðurkenningu í samfélaginu að svo sé, það er að segja verður að hlutlægri staðreynd. Staðreyndin að frávik sé sjúkdómur er því mannasetning, skapað af mannfólki. Að mati Conrads er frávikshæðun ekki læknisfræðilegt vandamál í eðli sínu nema að við ákveðum að skilgreina hana sem svo. Það er það sem hefur gerst í miklum mæli í nútímasamfélagi á síðustu áratugum, fleiri frávik falla undir sjúkdómsskilgreingu og meðhöndlun. Mikilvæga spurningin er þó ekki endilega hvort rétt sé að sjúkdómsvæða frávik barnagirnd heldur hvort sú alhæfing hjálpi við að minnka eða fjölga afbrotum gegn börnum. Líklegra er að einstaklingur fái viðeigandi aðstoð og vilji fá aðstoðina ef það er búið að viðurkenna ástand hans sem sjúkdóm frekar en að honum sé sagt að hugsanir hans séu rangar og hann eigi ekki að hugsa svoléiðis. Það er að segja lækning verður í það minnsta möguleg (Conrad og Schneider, 1985; Helgi Gunnlaugsson, 2008 og Goode, 2011).

3. 3 Nafn og myndbirting kynferðisafbrotamanna

Kynferðisbrot gegn börnum vekja mikinn óhug og reiði og í samfélaginu. Alls kyns ráð hafa verið tekin upp víðsvegar um heim til að safna upplýsingum um gerendur í þessum málum. Bandaríkin er gott dæmi um þá sem hafa gengið sem lengst í þessum málum en þar gilda lög sem eru kölluð *Megan's Law*. Lögin voru sett eftir að dæmdur kynferðisbrotamaður braut á og myrti sjö ára gamla stelpu sem hét Megan árið 1994. Opinberlega heita lögin hins vegar 42 U.S.C. & 14071 : US Code – Section 1407: Jacob Wetterling Crimes Against Children and Sexually Violent Offender Registration

Program (State of California Department of Justice Office of the Attorney General, 2009). Lögin virka þannig að þeir sem hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot, þá bæði misnotkun eða kynferðislega áreitni gegn börnum og nauðgun gegn annað hvort fullorðnum eða börnum eru lagalega skyldugir til þess að gefa sig fram við löggæsluyfirvöld í sinni borg eða bæjarfélagi eftir að afplánun refsingar líkur. Þeir verða gefa upplýsingar um heimilisfang sitt og persónulega hagi. Í kjölfarið eru þeir settir á lista yfir dæmda kynferðisbrotamenn sem er aðgengilegur almenningi. Þeir eru einnig skyldugir til að gefa sig fram við lögreglu árlega ef þeir hafa fasta búsetu. Séu þeir hins vegar heimilislauisir verða þeir að gefa sig fram mánaðarlega. Það er því ljóst að í Bandaríkjunum er gríðarlega mikið eftirlit með kynferðisbrotamönnum. Í dag eru upplýsingarnar um kynferðisbrotamennina aðgengilegar öllum á netinu, þó með nokkrum undanteknum. Ef um vörslu á barnaníðsefni, brot þar sem þolandi er náninn fjölskyldumeðlimur geranda eða ekki hefur verið um líkamlega snertingu að ræða í brotinu er skráning afbrotamannsins ekki opinber. Þar sem það er auðvelt að nálgast gögn á netinu og aðgangur í raun leyfður öllum er ekkert sem kemur í veg fyrir dreifingu þeirra upplýsinga á fréttavefum, samfélagsmiðlum eða hinum ýmsu netsíðum. Það er þó ólöglegt að nota upplýsingarnar í þeim tilgangi að vinna afbrotamanninum eða fjölskyldu hans mein. Lögin eru hins vegar frekar óljós hvað þetta varðar og erfitt er að vernda einstaklinginn og fjölskyldu hans fyrir áreiti (State of California Department of Justice Office of the Attorney General, 2009: Corrigan, 2006: Vala Hrönn Ísabel Pétursdóttir, 2013).

3. 4 Hvernig hefur Ísland brugðist við?

Rétt eins og líklega alls staðar í heiminum þá vekja kynferðisbrot gegn börnum mikinn óhug og mikla reiði á Íslandi. Umræðan um kynferðisbrot hefur aukist gríðarlega hratt undanfarin ár. Núna nýlega var svokölluð *beautytips bylting*. Beauty tips er lokaður facebook hópur sem er ætlaður konum á öllum aldri. Í hópnum eru rúmlega 32.000 konur á öllum aldri. Ung stelpa hafði orðið ólétt eftir þekktan lögfræðing þegar hún var undir lögaldri. Lögfræðingurinn vildi ekki viðurkenna tilvist barnsins né að hafa átt kynferðislegt samband við stelpuna. Vinkona stelpunnar setti inn færslu á hópinn og fjallaði um málið. Í kjölfarið birtu þúsundir stelpna sem höfðu

orðið fyrir kynferðisofbeldi sögur sínar undir myllumerkinu *#þöggun*. Þessi bylting sýnir að samfélagið er orðið mun opnara fyrir því að tala um kynferðisbrot og vilja hætta að sópa svona málum undir teppi (Beauty tips, 2016). Dómskerfið og yfirvöld á Íslandi hafa mikið verið gagnrýnd nýlega fyrir að hafa ekki mótað skýra stefnu í kynferðisbrotamálum. Almenninur virðist vera mjög ósáttur við hversu vægir dómur eru fyrir kynferðisbrot, málin séu ekki tekin nægilega alvarlega og þeim sé of oft vísað frá (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Samkvæmt Helga Gunnlaugssyni (2011) hefur afstaða Íslendinga til kynferðisbrota breyst mikið. Könnun sem Helgi vann í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Capacent Gallup frá árinu 1989 til 2008 sýndu að afstaða Íslendinga til kynferðisafbrota breyttist talsvert meira á tímabilinu en afstaða til annarra brota. Árið 2008 töldu 30% Íslendinga kynferðisbrot vera stærsta vandamál á sviði afbrota í íslensku samfélagi, sem er hæsta hlutfall frá upphafi mælinga. Í öllum mælingunum kemur fram að meirihluta Íslendinga álitur refsingar við afbrotum of vægar í kynferðisbrotamálum. Helgi telur að óánægja með dómsstólana virðist mikið til spretta frá afstöðu almennings til málaflokks kynferðisbrota frekar en annarra brotaflokka. Hann telur líklegt að þynging dóma fyrir kynferðisbrota sem átt hefur sér stað hér á landi og vitnar þar í Ragnheiði Bragadóttur (2009) megi rekja til aukinnar samfélagsumræðu um brot af þessu tagi og viðhorfmælingu sem sýna afstöðu almennings til refsinga í brotamálum.

3. 5 Málsferð kynferðisbrota

Helgi Gunnlaugsson ræddi í bók sinni *Wayward Icelanders* (2000) sem hann skrifaði ásamt John F. Galliher og í doktorsritgerð sinni (1992) málsferð kynferðisbrota og fíkniefnabrota. Brotin voru metin og borin saman. Það sem kom í ljós var að fíkniefnamál gengu almennt mun greiðar fyrir sig í gegnum kerfið en kynferðisbrot. Lagalegar hindranir eins og sönnunarbyrði og sakfelling virtust auðveldari í framkvæmd í fíkniefnamálum. Einnig var margvíslegum aðgerðum beitt til að uppræta fíkniefnin. Það er að segja fjölmargar aðgerðir lögreglu voru leyfðar sem þó mættu telja vera á gráu svæði hvað varðar friðhelgi einstaklingsins. Tálbeita, uppljóstarti, húsaleitir án heimilda, götueftirlit og þefandi hundar. Í málsferð kynferðisbrota var farið að meiri varkárni og virtust erfiðari en fíkniefnamálin. Mun

strangari kröfur eru um sönnun, ásetning gerenda og fleira sem vægir þyngra í kynferðisbrotamálum og er því tölvuvert erfiðara að sýna fram á sekt í þeim málaflokki enda brottfall mála algengt og sýknudómar mun algengari (Helgi Gunnlaugsson, 2011). Í fullkomnum heimi ættu sömu réttarfarslegu sjónarmiðin um sekt eða sýkn að ríkja í öllum brotaflokkum. Samanburðurinn á kynferðisbrotamálum og fíkniefnamálum var því sláandi. Refsimatið á þessum tveimur brotum sýndu einnig ólíka afstöðu dómsvaldsins. Efri mörk refsiramma fíkniefnalöggjafarinnar voru mun algengari og refsingar í kynferðisbrotamálum voru frekar í neðri mörkum refsirammans. (Helgi Gunnlaugsson, 2011)

3. 6 Stöndum saman

Þrátt fyrir að dómskerfið taki vægt á kynferðisbrotamálum í samanburði við önnur brot þá má segja dómur götunnar sé harðari. Líklega vegna kröfu almennings um þyngrri refsingu kynferðisbrota gegn börnum hafa ákveðnir einstaklingar stofnað vefsíðuna www.stondumsaman.is. Síðan var stofnuð árið 2013. Þar má finna lista af dæmdum kynferðisbrotamönnum sem brjóta gegn börnum á Íslandi. Þar er birt mynd af viðkomandi, fullt nafn og hvaða bæjarfélagi viðkomandi býr í. Dómur sem einstaklingurinn hefur hlotið fyrir brot sín er einnig birtur. Fyrir neðan hvern og einn kynferðisbrotamann óska síðan eigendur eftir frekar upplýsingum um afbrotamanninn. Þessi vefsíða er því í anda *Megan's Law* sem er í Bandaríkjunum og var fjallað um hér fyrir ofan. Munurinn er þó að í Bandaríkjunum er þetta í lögum en á Íslandi eru nokkrir almennir borgarar sem sjá um síðuna. Þar sem vefsíðunni er ekki haldið uppi af yfirvöldum er hægt að draga í efa hvort hún sé í raun lögleg eða ekki. Umdeilt er hvort hún brjóti á mannréttindum einstaklingsins. Yfirvöld hafa þó ekki skipt sér af vefsíðunni hingað til. Einnig hefur verið stofnaður Facebook hópurinn *Stöndum saman – Við birtum nöfn og myndir af dæmdum barnaníðingum* sem birtir einnig nöfn kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn börnum í sameiningu við vefsíðuna. Efst á síðunni stendur: *Upplýsingaveita um dæmda barnaníðinga í þínu hverfi eða bæjarfélagi. Verndum börnin fyrir þessum mönnum/konum*. Þar inná getur fólk tjáð eigin reynslu eða upplifanir af hverjum og einum kynferðisbrotamanni. Einnig getur fólk gefið upplýsingar um kynferðisbrotamenn sem þeir telja að vanti á

síðuna. Það er þó skilyrði að viðkomandi verður hafa hlotið dóm fyrir brotið sem hann framdi. Þegar þetta er skrifað eru rúmlega tuttugu þúsund meðlimir í hópnum. Margir foreldrar sækjast í hópinn til að fylgjast með hvort einhver dæmdur kynferðisbrotamaður búi í þeirra hverfi. Reiði í garð kynferðisbrotamanna er áberandi á síðunni og augljóst að stjórnandi síðunnar þarf að passa vel uppá að meðlimir hópsins birti ekki nöfn einstaklinga nema þeir hafi verið dæmdir fyrir brot sín. Einnig hafa komið fréttir af því að kynferðisbrotamennirnir séu að hóta stjórnendum og í einhverjum tilfellum hafi þeim tekist að brjótast inná síðuna og eyðileggja hana. Stjórnendur eru þó fljótir að bregðast við þessu og setja síðuna upp aftur. Hægt er að birta ummæli um brotamennina fyrir neðan upplýsingarnar um þá í svokölluðu kommentakerfi. Þar má sjá áberandi hatur almennings á afbrotamönnum. Ein ummæli um einn kynferðisbrotamann voru til dæmis *“Ogedslegur gæji, loka hann inni og henda lyklinum”*. Önnur ummæli voru: *“Sorglegt – svo sorglegt – svona menn á að svæfa eins og önnur slæm dýr”*. Annað dæmi er þegar frétt var birt inná hópnum sem fjallaði um konu sem hafði stungið kynferðisbrotamann sem braut gegn barni til bana. Með fréttinni setti stjórnandi fram spurningu um hversu langan dóm konan ætti skilið fyrir morðið sem hún hafði framið. Fjörutíu og fimm einstaklingar tóku þátt í könnunni og voru valmöguleikarnir þrír. Þrjátíu einstaklingur voru á því máli að konan ætti einungis skilið að þurfa stunda samfélagsþjónustu, tólf einstaklingur vildu að konan fengi engan dóm og aðeins þrír einstaklingar töldu hana eigi skilið að fá fullan dóm. Það má segja að þessi hópur endurspegli nokkuð vel álit stórs hlutar almennings á kynferðisbrotamönnum sem brjóta gegn börnum, í það minnsta þeirra sem eru háværastir í umræðunni. Með skráningarkerfi kynferðisofbeldismanna má í raun velta því fyrir sér hvort það geti leitt til annars stigs frávik, þar sem einstaklingurinn mótar sjálfsmynd sína eftir viðbrögðum samfélagsins. (Stöndum saman, 2016).

3. 7 Rannsóknir á upplifun kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn börnum

Vala Hrönn Ísabel Pétursdóttir gerði tilviksrannsókn á félagslegum og menningarlegum veruleika kynferðisbrotamanna á Íslandi. Rannsóknin byggist á eigindlegum aðferðum. Hún fjallar um viðhorf kynferðisbrotamannana til

kynferðisbrota. Rannsóknin horfir eingöngu til einstaklinga sem hafa brotið kynferðislega á börnum og hafa ekki lokið refsivist. Meginhluti rannsóknarinnar fór fram í fangelsum landsins. Vala tók viðtöl við tíu dæmda kynferðisafbrotamenn. Vala tók eftir þrem áberandi þemum sem voru eins og rauður þráður í sögum brotamannana. Fyrsta þemað sem Vala greinir frá er skömm. Þeir fundu fyrir skömm yfir brotum sínum, aðstæðum sem þeir eru í og vegna þess stimpils sem þeir hafa fengið á sig. Næsta þemað er reiði. Þeir virtust reiðir yfir þeim aðstæðum sem þeir eru í. Einnig birtist reiði gagnvart réttarkerfinu og réttarvörslukerfinu. Þriðja og síðasta þemað er vanmáttur. Brotamennirnir upplifðu sig vanmáttuga gagnvart samfélagsviðmótinu vegna lítilla tækifæra til þátttöku í samfélaginu eftir að fangelsisvist líkur. Einnig voru sumir sem upplifðu vanmátt gagnvart sínum innri löngunum, barnagirndinni. Aðrir upplifðu vanmátt gagnvart stofnunum sem þeir þurfa að eiga samskipti við. Upplifun þeirra var að dómurinn er ráðandi staða í þeirra lífi og hafi áhrif á alla þá möguleika og öll þau samskipti sem þeir munu hafa í lífinu hér eftir. Gerendurnir vissu að það yrði erfiðara að fá vinnu eftir að þeir afplána dóm sinn, að þeir hafi ekki sömu möguleika og aðrir að fá framgöngu í starfi og að þeir geti átt í erfiðleikum með að fá húsnæði. Þeir hafa að ákveðnu leyti stimplað sig úr samfélaginu og hafa engu að tapa. Þeir sem höfðu reynslu af öðrum dómum töldu kynferðisbrotadóminn vera sá dóm sem myndi skilgreina þá. Nafn og myndbirtingar á netsíðum ollu þeim kvíða og áhyggjum. (Vala Hrönn Ísabel Pétursdóttir, 2015).

3. 8 Áhrif stimplunar á kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum

Kynferðisbrot eru afar mismunandi og það eru kynferðisbrotamenn einnig eins og fram hefur komið. Það er því mjög erfitt að fjalla um kynferðisbrotamenn sem samleitan hóp eða tala um brot þeirra sem sams konar brot. Það sem þeir eiga þó sameiginlegt er að þeir eiga í mikilli hættu að vera smánaðir og stimplaðir af samfélaginu fyrir brot sín. Samkvæmt greiningu Helga Gunnlaugssonar (2011) á afbrotufræðilegum skýrslum um félagslegan bakgrunn dæmdra geranda í nauðgunarmálum og vitnar hann í Skýrslu nauðgunarmálanefndar (1989) og Ársskýrslu Fangelsismálastofnunar ríkisins (2003) kom í ljós að bakgrunnur þeirra er oftast en ekki líkur bakgrunni annarra dæmdra brotamanna. Yngri karlmenn sem eru

illa staddir félagslega og flestir með brotaferil að baki, oft fyrir ofbeldi. Gerendur kynferðisbrota gegn börnum eru ekki aðeins útskúfaðir úr samfélaginu heldur verma þeir botnsætið í virðingaskala fangelsisins rétt eins og í samfélaginu. Þeir eru vistaðir á sérstakri deild á Litla-Hrauni til að vernda þá gegn einelti annarra fanga (Vala Hrönn Ísabel, 2015; Helgi Gunnlaugsson, 2011; Holmes og Holmes, 2009).

En hver er afleiðing þessara fordæmingar og útskúfunar á kynferðisbrotamenn? Eins og fram hefur komið þá sýna rannsóknir í félags og afbrotafræði að þegar einstaklingur hefur verið stimplaður fyrir afbrot getur það breytt sjálfsmynd einstaklingsins og haft neikvæð áhrif á samskipti hans við annað fólk. Sjálfsmynd hans fer skref fyrir skref að líkjast þeirri stöðluðu mynd sem aðrir hafa af honum. Stimplunin hefur síðan neikvæð áhrif á félagsleg tengsl hans við aðra, dregur úr námsmöguleikum, skerðir atvinnuþátttöku og ýtir undir frekar brot. Leið brotamanna til baka út í samfélagið verður því erfið og geta viðbrögðin ein og sér jafnvel stuðlað að frekari brotum þeirra (Jón Gunnar Bernburg, 2009; Jón Gunnar Bernburg, 2005). Sökum skrímslavæðingar kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn börnum eru þeir líklegri en aðrir til að vera útskúfaðir úr samfélaginu fyrir brot sín. Einnig er vert að velta því fyrir sér að hugsanlega getur skrímslavæðingin gert það að verkum að þeir sem eru haldnir barnagirnd en hafa ekki brotið af sér séu hræddir og ólíklegri til að leita eftir viðeigandi hjálp eins og sálfræðimeðferðar. Án hjálpar gæti verið mögulegt að einstaklingurinn brjóti frekar af sér. Viðbrögð samfélagsins gætu því óbeint leitt til þess að einstaklingar brjóti frekar af sér, að brotin festi í sessi og jafnvel ýti undir frekari brot og skapað þannig meiri þjáningu. Önnur hlið er einnig sú að hætta liggur fyrir að þolendur vilji eða þori ekki að kæra þegar brotið er á þeim ef þau gruna að kæran muni leiða til útskúfunar geranda úr samfélaginu.

3. 9 Þjónar nafnbirting kynferðisbrotamanna verndartilgangi barna?

Rose Corrigan (2006) skrifaði grein og bendir á helstu rök sem styðja og mæla gegn Megan lögunum í Bandaríkjunum. Hægt er að tengja þessi rök líka við *Stöndum saman* vefsíðuna sem er hér á Íslandi. Hugmyndafræðin á bakvið bæði lögin og vefsíðuna byggir á hugmyndum um fælingu eða refsiaðferðum sem byggja á klassískri afbrotafræði. Það er að segja að með því að nafn og myndbirta

afbrotamennina er verið að leggja áherslu á aðferð sem einkennist af stimplun og útskúfun. Að með því að útskúfa afbrotamennina úr samfélaginu sé verið að fæla til dæmis aðra til að brjóta eins af sér því þeir sjá hvaða afleiðingar brotið hefur í för með sér. Corrigan (2006) bendir á að viðbrögð samfélagsins með lögum eins og *Megan* lögunum séu ekki í neinu samræmi við raunverulega stöðu þegar kemur að kynferðisofbeldi. Raunverulega vandamálið sé í raun og veru kynferðisofbeldi af hendi fjölskyldumeðlims eða í það minnsta af hendi einstaklings sem fórnalambið þekkir. Það sé því búið að taka áhersluna frá raunverulega vandamálinu og valda skelfingu gagnvart félagslegu vandamáli sem er afar lítið í samanburði við hið raunverulega vandamál. Löggjafinn eða hópur almennings eins og á *Stöndum saman* bregðast við með lagasetningum og/eða áhrifamiklum aðgerðum. Eins og komið hefur fram þá er talið að allt uppí 80% brota gegn börnum séu framin af einhverjum sem tengist barninu fjölskyldu eða vinaböndum (McAlinden, 2007: Helgi Gunnlaugsson, Rannveig Þórisdóttir og Vilborg Magnúsdóttir, 2005). Það er því verið að draga athyglina frá stóra vandanum, sem eru gerendur innan fjölskyldunnar. Ástæðan gæti verið sú að erfitt er að ímynda sér að einstaklingur sem sé slíkt *skrímsli* samkvæmt samfélaginu finnist í sinni fjölskyldu. Þar sem kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum sem eru skyld þeim eru ekki birtir opinberlega samkvæmt *Megan's lögum* í Bandaríkjunum þá hefur verndartilgangur listans í raun algjörlega misst mark sitt. Því má segja að listinn sé í raun fyrst og fremst að brennimerkja gerendur sem barnaníðinga (Vala Hrönn Ísabel Pétursdóttir, 2013).

3. 10 Úrlausnir fyrir kynferðisbrotamenn

Líklega eru flestir sammála um að vilja fækka kynferðisbrotum gegn börnum. En að finna hina einu sönnu réttu lausn er hægara sagt en gert og líklega ógerlegt. Ætli það sé rétt eins og almenningur virðist oft halda fram að ekkert sé hægt að gera til að koma í veg fyrir frekari kynferðisbrot? Réttast sé að loka þetta fólk inni, fleygja lyklinum og nafn og myndbirta brotamennina ef þeir komast út. Að barnagirnd sé með öllu ólæknandi og einstaklingarnir séu allir skrímsli sem eiga skilið að deyja. Eins og hefur komið fram þá eru kynferðisbrot mismunandi og erfitt að alhæfa um þau. Einnig eru ekki allir kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum haldnir barnagirnd.

Það er þó hægt að fullyrða að þegar meðferð er fléttuð inn í önnur afplánunarræði dregur hún úr ítrekunartíðni, sem verður þá lægri en meðal sambærilegs hóps sem afplánar refsingu og fær enga meðferð (Thomas, 2000; Holmes og Holmes, 2009). Rétt eins og fórnalömbum kynferðisbrota hefur mörgum gerendum tekist að snúa við blaðinu og haldið sig frá frekari kynferðisbrotum. Mikilvægt er að einstaklingurinn viðurkenni að hann eigi við vandamál að stríða og fari sjálfviljugur í meðferð. Það er alls ekki alltaf eitthvað sem kynferðisbrotamenn eru tilbúnir til þess að gera. Það er þó undirstaða þess að meðferðin virki. Gerendur þurfa að axla ábyrgð á því sem þeir hafa gert, horfast í augu við gjörðir sínar og gera sér grein fyrir afleiðingum sem þeir hafa ollið fórnarlambi sínu og aðra sem í kringum hann eru (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Áhættumat er leið til að meta hættuna sem stafar af hegðun tiltekinna einstaklinga í tengslum við afbrot af ýmsu tagi. Markmiðið er í raun einfalt: spá fyrir um hvort brotamaður komi til með að brjóta aftur af sér eða ekki. Áhættumatið er þó einnig gert til að hjálpa meðferðaraðila að taka saman þær upplýsingar sem nota þarf til að búa til meðferðaráætlun. Áhættumat ólíkt huglægu mati sérfræðinga að því leytinu til að það er byggt á tölfræðilegum niðurstöðum og hafa rannsóknir leitt í ljós að áhættumat sé mun nákvæmara og áreiðanlegra mat heldur en huglægt mat sérfræðinga (Andrews, Bonta og Wormith, 2006; Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason, 2011). Rannsóknir hafa sýnt að kynferðisbrotamenn eru mislíklegir til að brjóta aftur af sér og er hugmyndin með áhættumati að reyna finna út hverjir eru í mestri áhættu til þess að ítreka brot sín og nota þannig niðurstöðurnar til að skipuleggja meðferð í réttu hlutfalli við áhættustigið (Ohio Institute on Correctional Best Practices, 2007). Skiptar skoðanir eru milli fræðimanna hvernig þetta mat skal fara fram. Flestir eru þó sammála um nokkur meginatriði. Fyrst af öllu þarf að skilgreina fyrirfram ákveðna áhætturöð, hvað telst lítil áhætta og hvað mikil. Atriðin sem er metin sem áhættuþættir verða að geta spáð fyrir með nokkurri vissu um niðurstöðuna. Í öðru lagi þarf að tryggja að áhættan á ítrekun byggist á mörgum þáttum. Að öllu jöfnu eru áhættuþáttum skipt í tvennt eftir því hvort er um að ræða stöðuga þætti eða breytilega. Stöðugir þættir breytast ekki og tengjast oft fyrri afbrotasögu, til dæmis aldri við fyrsta brot og fjölda brota. Breytilegir þættir eru atriði sem geta tekið breytingum og auka ýmist eða minnka líkur á ítrekun afbrota.

Dæmi um slíka breytilega áhættu þætti eru andfélagsleg viðhorf eða afbrigðilegur kynferðislegur áhugi. Í þriðja lagi er síðan almennt samkomulag um að formlegt áhættumat sé nákvæmara heldur en óformlegt huglægt mat sérfræðinga. Á síðustu 10-15 árum hafa margir réttmætir áhættumatskvarðar verið þróaðir til að meta kynferðisbrotamenn. Þó ber að hafa í huga að algengustu áhættumatstækin mæla ekki breytilega áhættuþætti. Þrátt fyrir að hægt sé að byggja áhættumat eingöngu á áhættuþáttum hefur það þann galla að niðurstöðurnar hjálpa meðferðaraðila lítið við að setja upp meðferðaáætlun. Það er því stutt síðan að fræðimenn fóru að beina augum að matstækjum fyrir kynferðisbrotamenn sem meta breytilega áhættuþætti. Dæmi um slík áhættumats tæki eru STABLE-2007//ACUTE-2007 og Sex Offender Treatment Needs and Progress Scale. Rannsóknir sýna fram að á þessi mælitæki sýni að meðaltali svipaða nákvæmni hvað varðar forspár um ítrekun og fyrri áhættumatstækin (Anna Kristín Newton Oog Þórarinn Viðar Hjaltason, 2011). Almennt má segja að þegar árangur meðferðar fyrir kynferðisbrotamenn hefur verið metinn þá hefur meðferð sem byggist á gagnreyndum og raunprófanlegum aðferðum eins og hugrænni atferlismeðferð sýnt betri árangur en meðferðir sem gera það ekki (Andrews og Bonta, 2006).

Í greininni *Afstaða Íslendinga til kynferðisbrota. Óttinn við hættulega og ókunnuga* gerendur varpar Helgi Gunnlaugsson (2011) fram hugmynd um sáttamiðlun sem hann telur að geti gert gagn í sumum kynferðisbrotamálum. Hann lýsir henni þannig að hún snúist um þarfir þolandans og viðleitni samfélagsins til að draga úr þjáningu hans ásamt því að opna augu gerandans fyrir ábyrgð sinni á brotinu og hvaða afleiðingar hann hefur haft á fórnalambið. Hér á landi er fordæmi um sáttamiðlun þegar um minniháttar brot yngri brotamanna er að ræða. Helgi talar um eins og áður hefur komið fram að þá þekkjast þolandi og gerandi oft, og þá sérstaklega þegar brotið er á börnum. Það gefur því auga leið að kynferðisbrotamálin eru miklir harmleikir og hafa tvístrað fjölskyldum og sárin ná jafnvel aldrei að gróa. Sáttamiðlun á ekki við í öllum tilfellum en gæti verið við hæfi þegar gerendur eru ekki taldir hættulegir eða síbrotamenn. Þannig gæti miðlunin komið til álita í málum sem koma upp innan um fjölskyldna þar sem fullt samþykki þolandans og allra aðila málsins liggja fyrir. Með sáttamiðlun er hugmyndin sú að nota sérhæfðan milligönguaðila á milli þolanda og geranda og reynt að draga úr þeim sársauka sem

brotið hefur valdið. Slíkt getur þó ekki átt sér stað án samþykki þolandans og viljayfirlýsingu gerandans til að koma í veg fyrir enn meiri þjáningar þolanda (Marshall, 1999; Helgi Gunnlaugsson, 2011) Til eru dæmi um að svona aðferðir hafi leitt til að sættir takist, til dæmis í Kanada og Bandaríkjunum. Það hefur sýnt sig að miðlunin hjálpar þolendum að takast á við lífið að nýju og opnar möguleika gerandast að lifa eðlilegu lífi í samfélaginu (McAlinden, 2007).

Í Svíþjóð er verkefni sem byggir á þjónustu neyðarsíma þar sem einstaklingar með barnagirnd eða aðrar óeðlilegar kynferðislegar hvatir geta hringt í og óskað eftir aðstoð. Auglýsingarherferð frá verkefninu var einnig gerð í Svíþjóð en þar var neyðarsíminn auglýstur með undirskriftinni: *“Elskar þú börn aðeins of mikið? Hringdu þá í síma 020-667788”*. Einstaklingarnir geta sótt sér ráðgjöf undir nafnleynd til að byrja með en stendur til boða að fá aðgang að geðlækna – og sálfræðiþjónustu eftir símtalið ef þess þykir þörf. Verkefnið heldur út vefsíðunni www.preventell.se. Undirskriftin á vefsíðunni á ensku er *“Helpline for unwanted sexuality”*. Þeir bjóða viðeigandi hjálp til þeirra sem finnst það hafa misst stjórn á kynferðislegum löngunum sínum og séu jafnvel áhyggjufullir að hugsanir þeirra og hegðun gæti skaðað sjálfan þá eða aðra. Á bakvið verkefni stendur CASM – Center for Andrology and Sexual Medicine sem er deild í Karolinska Háskólanum í Svíþjóð. Þetta verkefni snýst því í raun um að ná til einstaklinga áður en þeir brjóta á börnum og hugsanlega áður en einhver skaði verður (Preventell, 2016).

4. Umræða/Samantekt

Hér að framan hefur verið farið ítarlega í stimplunarkenninguna ásamt því að fjalla um kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum. Aðallega hefur verið fjallað um Ísland en ólíkar nálganir á málefnum kynferðisbrotamanna hafa verið kynntar og þá sérstaklega með því að bera saman Ísland við Bandaríkin. Reynt hefur verið að greina frá áhrifum stimplunar á kynferðisbrotamenn og varpa ljósi á hvort stimplunin þjóni verndartilgangi. Að lokum voru aðrar úrlausnir til að fækka kynferðisbrotum en nafn og myndbirtingar ræddar. Í umræðu verða teknar saman helstu niðurstöður og umræður sem upp hafa komið hjá höfundu við skrif þessarar ritgerðar. Það er nokkuð ljóst að kynferðisbrot gegn börnum verma botnsætið af öllum afbrotum í

samfélaginu. Gerendur eru álitnir skrímsli og eiga þeir í raun ekkert rými innan menningarinnar þar sem þeir mæta alls staðar fordæmingu. Það er því erfitt að bera þá saman við aðra afbrotamenn. Ef bera á saman lög og refsingar við kynferðisbrotum á Íslandi við önnur lönd þá er Ísland frekar hófsamt þegar kemur að refsingu kynferðisbrotamanna og er frekar með betrun í huga. Þá sérstaklega í samanburði við Bandaríkin. Þó að Ísland sé með betrun í huga og einhver meðferðarúrræði eru í boði þá má segja að það sé frekar ábótavant og mætti bæta til muna. Í Bandaríkjunum ríkja lög þar sem stefnan virðist vera fæling, skömm og útskúfun kynferðisbrotamanna. Þó hefur opinber umræða í samfélaginu á Íslandi og þá sérstaklega með stofnun vefsíðunnar og facebook hópsins *stöndum saman* og orðræðu í samfélaginu um kröfu um aukna refsingu fyrir kynferðisbrotamenn orðið til þess að Ísland er að taka skref í átt að stefnu sem ýtir undir fælingu, skömm og útskúfun.

Það er alveg ljóst að stimplun sem barnaníðingur er óvinsæll stimpill sem hefur alvarlegar samfélagslegar afleiðingar í för með sér fyrir afbrotamanninn. Mjög erfitt er fyrir einstaklinginn að losa sig við stimpilinn þrátt fyrir að hann sé að vinna í sínum málum. Ummæli stöndum saman síðunnar, viðhorf á kynferðisbrotum sem hér hafa verið greint frá og viðtöl Völu Hrönn Ísabel Pétursdóttur við kynferðisbrotamenn sýna fram á þessa erfiðleika betrunar kynferðisbrotamanna. Þegar nafn- og myndbirtingarlistar kynferðisbrota hafa verið skoðaðir í samhengi við stimplunarkenninguna má telja að mikilvægt sé fyrir stofnanir samfélagsins sem á einhvern hátt umgangast kynferðisbrotamenn hafi aðgang að slíkum lista. Ástæðan er einfaldlega sú að listinn gerir stofnunum möguleika á að hafa eftirlit með afbrotamönnum og ef það hentar tækifæri til að bjóða þeim uppá viðeigandi meðferð. Opinberir listar eins og *Megans lögin* og *stöndum saman* listinn eru hins vegar umdeildir. Slíkir listar gætu haft í för með sér fælingarmátt sem hefur lítillga verið ræddur hér að ofan. Það er að segja að þegar aðrir sjá hvaða afleiðingar nafn og myndbirting hefur á einstaklinginn getur það fælt aðra frá því að brjóta af sér. Listinn er einnig jákvæður að því leytinu til að hann veitir almenningi og þá sérstaklega foreldrum öryggi þar sem þeir geta vitað hvort dæmdur kynferðisbrotamaður búi í hverfinu þeirra eða ekki. Hins vegar er hægt að velta fyrir sér hvort um falskt öryggi sé að ræða. Því slíkir listar gætu í raun verið hættulegir þar

sem þeir beina orðræðu samfélagsins frá raunverulega vandamálinu sem er eins og fyrr segir einstaklingar sem brjóta á fjölskyldumeðlimum eða einhverjum nákomnum. Eins og fram hefur komið er afar sjaldgæft er að einstaklingar lokki ókunnug börn að sér og brjóti á þeim kynferðislega. Heldur eru þetta einstaklingar sem fórnalömbin treysta, þekkja og hafa verið boðnir velkomnir inná heimili fórnalambsins.

Einnig má velta því fyrir sér hvort nafn og myndbirtinga listar séu hluti af því ferli sem veldur því að einstaklingur fær á sig stimplun sem gæti síðan leitt til þess að hann brjóti af sér aftur. Með slíkum lista verður afar erfitt fyrir afbrotamanninn að fóta sig í samfélaginu eftir refsingu og gæti í raun unnið á móti þeirri betrun eða meðferð sem unnið er með afbrotamanninum þegar hann afplánar sinn dóm. Það mætti segja að slíkir listar þjóni því frekar tilgangi hefndar sem veldur stimplun afbrotamannsins frekar en verndartilgangi þolenda. Með hugmyndir stimplunarkenninga að leiðarljósi þá er einstaklingur sem hefur fengið á sig stimplun sem barnaníðingur og nær ekki að fóta sig í samfélaginu líklegri til þess að brjóta af sér heldur en ef hann væri laus við stimpilinn og fengi jöfn tækifæri og aðrir til að fóta sig í samfélaginu eftir refsingu. Sjálfsmynd hans brotnar, hann einangrast og tækifæri hans skerðast auk þess sem hann verður fyrir gríðarlegri fordæmingu í kjölfar stimplunar sem leiðir til þess að hann brjóti frekar af sér. Eins og fram kom í ransókninni hjá Völu Hrönn Ísabel Pétursdóttur þá vita gerendurnir að það muni vera erfitt að fá vinnu eftir að þeir afplána sinn dóm, að þeir hafa ekki sömu möguleika og aðrir að fá framgöngu í starfi og að þeir geta átt í erfiðleikum með að fá húsnæði. Þeir hafa að ákveðnu leyti stimplað sig úr samfélaginu og má segja að þeir hafa engu að tapa. Þeir sem höfðu reynslu að öðrum dómum töldu að kynferðisbrotadómurinn væri sá sem myndi skilgreina þá. Nafn og myndbirtingar á netsíðum ollu þeim kvíða og áhyggjum. Það er því hugsanlegt að þessir listar séu að gera öfugt við það sem þeim er ætlað og fjölgi frekar afbrotum heldur en að fækka þeim.

Í lok þessara ritgerðar var fjallað um aðrar úrlausnir heldur en nafn og myndbirtingar til að fækka kynferðisbrotum gegn börnum og hjálpa gerendum að fóta sig í samfélaginu að lokinni refsingu. Í fyrsta lagi eins og fram hefur komið eru ekki allir kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum haldnir barnahneigð sem gerir það að verkum að það er gríðarlega mikilvægt að setja ekki alla kynferðisbrotamenn í sama flokkinn. Sumir eru andlega veikir og haldnir til dæmis

barnahneigð eða öðrum sjúkdómum og þurfa því á umfangsmiklum meðferðum að halda sem er óþarfi fyrir hina. Einnig kom fram hér á undan að meðferð kynferðisbrotamanna skilar árangri og er því skrítið að ekki sé lögð meiri áhersla á slíkar meðferðir. Meðferðir lækka ítrekunartíðni og einnig má segja að það eigi sér ákveðið forvarnarstarf. Það er líklega það sem allir vilja, að ná til gerenda áður en þeir brjóta af sér. Í því samhengi væri sniðugt að taka um fordæmi Svía og setja af stað einhverskonar neyðarsíma eða jafnvel neyðarskýli fyrir einstaklinga með óeðlilegar kynferðislegar langanir eða hvatir.

Heimildaskrá

- American Psychiatric Association (2000). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders*, Fourth edition. Arlington: American Psychiatric Publishing, Inc.
- Andersen, M. L. og Taylor, H. F. (2009). *Sociology, the essentials*. (5.útgáfa). Thomson: Wadsworth.
- Andrews, D. A., Bonta, J., og Wormith, S. J. (2006). The recent past and near future of risk and/or need assesment. *Crime and Delinquency*, 52, 7-27.
- Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason. (2011). Umfang kynferðisbrota gegn börnum – mat á gerendum og meðferð. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum* (bls 529-546). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Conrad, P. og Schneider, J. W. (1985). *Deviance and medicalization – From badness to sickness*. Columbus, Ohia: Merill.
- Becker, H. S. (1963). *Outsiders – studies in the sociology of deviance*. The Macmillan company. USA.
- Bernburg, J. G. (2009). Labeling and secondary deviance.
- Bernburg, J. G. (2009). Labeling theory. Í M.D Krohn et al (ritstjórar). *Handbook on crime and deviance*, (bls 187-207).
- Bernburg, J. G., og Krohn, M. D. (2003). Labeling, life chances, and adult crime: the direct and indirect effects of official intervention in adolescence on crime in early adulthood. *Criminology*, 41(4), 1287-1318.

Bernburg, J. G., Krohn, M. D. og Riveria, C. J. (2006). Official labeling, criminal embeddedness, and subsequent delinquency: A longitudinal test of labeling theory. *The journal of research in crime and delinquency*, 43(1), 67-88.

Briggs, F., og Hawkins, R. (1996). A comparison of the childhood experiences of convicted male child molesters and men who were sexually abused in childhood and claimed to be nonoffender. *Child abuse and Neglect*, 20(3), 221-233.

Butchart, A., Harvey, A. P., Mian, M., og Purniss, T. (2006). *Preventing child maltreatment: International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect*, 2006. Genf.

Corrigan, R. (2006). Making Meaning of Megan's Law. *Law and Social Inquiry*, 31, 267-312.

Cooley, Charles H. (1902). *Human Nature and the Social Order*. New York: Scribner's

Facebook. (2016). *Beauty tips*. Sótt 2016 af slóðinni
<https://www.facebook.com/groups/497130347062493/?fref=ts>

Facebook. (2016). *Stöndum saman*. Sótt 2016 af slóðinni
<https://www.facebook.com/Stöndum-saman-Upplýsingas%C3%ADða-um-dæmda-barnan%C3%ADðinga-459956067490360/?fref=ts>

Facebook. (2016). *Stöndum saman*. Sótt 2016 af slóðinni
<https://www.facebook.com/groups/544402128926648/> og
https://www.facebook.com/groups/463263153835469/?hc_location=ufi

Giddens, A. og Sutton, P. (2009). *Sociology* (6. útgáfa). Cambridge: Polity Press.

Goffman, E. (1959). *The presentation of self in everyday life*. London. Penguin Books.

Goode, E. (2011). *Deviant Behavior*. (9. útgáfa). New York: Pearson.

Grubin, D., (1999). *Sex Offending Against Children: Understanding the Risk*. Policing and Reducing Crime Unit. Home Office. London.

Helgi Gunnlaugsson (2008). *Afbrot á Íslandi: Greinasafn í afbrotafræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helgi Gunnlaugsson. (2011). Afstaða Íslendinga til kynferðisbrota. Óttinn við hættulega og ókunnuga gerendur. Í Svava Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum* (491-507). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helgi Gunnlaugsson og Galliher, J. F (2000) *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary and the Creation of Crime*. Madison. University of Wisconsin Press.

Helgi Gunnlaugsson, Rannveig Þórisdóttir og Vilborg Magnúsdóttir. (2005). *Brotapolar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórnin: Háskólaútgáfan.

Holmes, S. T., og Holmes, R. M. (2009). *Sex Crimes: Patterns and Behavior, 3rd edition*. Los Angeles. Sage Publications.

Jewkes, Y. (2004). *Media and Crime*. London. Sage Publications.

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindarson. (2004). "Ég er engin gunga": Fjölstigagreining á félagslegu samhengi ofbeldis. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V, erindi flutt á ráðstefnu í október 2004*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jón Gunnar Bernburg. (2005). *Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmynd: Nokkur grunduð hugtök um reynslu brotamanna af stimplun*. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VI: erindi flutt á ráðstefnu í október 2005* (bls. 111-121). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Jón Gunnar Bernburg., Sigrún Ólafsdóttir. (2010). *Fordómar og geðræn vandamál: Samanburður á þremur löndum*. Í Íslenska Þjóðfélaginu. 1.árgangur, 69-94. Útgefandi: félagsfræðingafélag Íslands.
- Lemert, E. (1951). *Social pathology*. New York: McGraw-Hill.
- Lemert, E. M. (1994). Primary and secondary deviation. Í Stuart H. Traub og Craig B. Little (ritstjórar), *Theories of deviance* (5.útgáfa). (Bl. 298-303). Peacock publisher: Illinois.
- Mann, R. E., Hanson, R. K., og Thornton, D. (2010). Assessing risk for sexual recidivism: Some proposals on the nature of psychologically meaningful risk factors. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 22, 191-217.
- Marshall, T. (1999). *Restorative Justice: An Overview*. London: Home Office Research Development and Statistics Directorate.
- McAlinden, A. M. (2007). *The shaming of Sexual Offenders: Risk, Retribution and Reintegration*. Portland, OR: Hart Publishing.
- Ohio Institute on Correctional Best Practices. (2007). *Best practices tool kit: Sex offender assessment and treatment*. Ohio Department of Rehabilitation and Correction.
- Schiffer, Boris. (2008). *Brain Response to Visual Sexual Stimuli in Homosexual Pedophiles*. *Journal of Psychiatry and Neuroscience* 33.1: 23
- Schiffer, Boris (2007). *Structural Brain Abnormalities in the Frontostriatal System and Cerebellum in Pedophilia*. *Journal of psychiatric research* 41.9: 753-62.
- Schur, E. M. (1971). *Labeling deviant behavior – Its sociological implications*. Harper and Row: New York.

Scott, Monte., James, Cole., Stephen, McKay., Kenneth, Liggett og Golden, Charles. (1984). *Neuropsychological Performance of Sexual Assaulters and Pedophiles*. Journal of Forensic Sciences, 29.4: 1114. C

State of California Department of Justice Office of the Attorney General. (2009). *Megan's Law – Facts About Sex Offenders og Megan's Law – Sex Offenders Registration and Exclusive Information*. Sótt 2016 af slóðunum: <http://meganslaw.ca/gov/facts.aspx?lang=ENGLISH> og <http://meganslaw.ca/sexreg.aspx?lang=ENGLISH>

Stöndum saman. (2016). *Stöndum saman*. Sótt 2016 af <http://stondumsaman.is>

Thomas, T. (2000). *Sex Crime: Sex offending and Society*. Portland. OR: Willan Publishing.

Tittle, C. (1980). Labeling and crime: An empirical evaluation. Í W. Gove. (ritstjóri), *The labeling of deviance: Evaluating a perspective*, (bls. 241-263). 2.útgáfa. New York: Wiley.

Ulmer, J. T. (1994). Revisiting Stebbins: Labeling and commitment to deviance. *Sociological quarterly*, 35(1), 135-157.

Vala Hrönn Isabel Pétursdóttir. (2013). *Tvíeggja Sverð. Umræða um nafn- og myndbirtingar afbrotamanna*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Ísland, Félagsvísindasvið.

Vala Hrönn Isabel Pétursdóttir. (2015). *Það er ekki til FÍB, félag íslenskra barnaníðinga.* Um viðhorf og upplifanir kynferðisbrotamanna. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Ísland, Félagsvísindasvið.

Ward, R. H. (1971). The labeling theory: A critical analysis. *Criminology*, 9, 268-290.